

31. mars 1989

269

Nr. 136

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands, nr. 470
frá 14. nóvember 1986.

1. gr.

19. gr. reglugerðarinnar breytist svo:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Á sama hátt skal Seðlabanki Íslands láta sömu reglur, eða jafngildar gilda um verðbréfasjóði með kaupskyldu á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum, eftir því sem við getur átt.

- b. 4. mgr. orðist svo:

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við íslenskan gjaldmiðil í sjóði, óbundin nettóinnlán í íslenskum gjaldmiðli í bönkum, heildareignir að frádregnum heildarskuldum, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, ríkisvísla eða aðrar sambærilegar eignir.

- c. Við bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir þeirra (gjaldeyrisjöfnuð), svo og endurlánajöfnuð sem miði að því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir skuli sjá til þess að slíkar eignir séu í jafnvægi þannig að gengisáhætta sé sem minnst. Seðlabankinn getur beitt innlánsstofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum 70. gr. sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

2. gr.

2. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvörðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.

Við 20. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.

3. og 4. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar verði 4. og 5. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar og orðist svo:

Seðlabankinn ákveður hæstu leyfilegu dráttarvexti skv. 10. og 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum.

Ákvörðanir Seðlabankans skv. 2., 3. og 4. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

3. gr.

60. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabanka Íslands framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Endurskoðun skal framkvæmd sem hér segir:

- a. Kanna skal reglulega innra eftirlit bankans. Ef veikleikar finnast á fyrirkomulagi þess, skal bankaráði og bankastjóra skýrt frá þeim skriflega þegar í stað. Jafnframt skal gera tillögur um úrbætur.
- b. Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem nauðsynlegar kunna að þykja.
- c. Að lokinni endurskoðun skal Ríkisendurskoðun og skoðunarmaður í áritun láta í ljósi álit sitt á áreiðanleika ársreikninga Seðlabankans og í henni skal koma fram, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við góða reikningsskilavenju. Auk þess skal endurskoðandi gefa ráðherra og bankaráði skriflega skýrslu um endurskoðunina.

Endurskoðun nær á sama hátt til sjóða, sem starfræktir eru á vegum bankans, nema sérstaklega sé fyrirmælt um endurskoðun þeirra af öðrum aðilum í lögum, reglugerðum eða skipulagsskrám.

4. gr.

70. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú fullnægir innlánsstofnun eða önnur sambærileg stofnun, sem um ræðir í 12. gr., ekki þeirri skyldu að leggja inn á reikning á tilskildum tíma hjá Seðlabankanum þá fjárhæð, sem bankinn hefur úrskurðað bindiskylda skv. ákvæðum 19. gr. og reglum settum skv. þeirri grein, eða innlánsstofnun hlýðir ekki reglum, sem bankinn setur skv. 4. og 5. mgr. 19. gr. um lágmark eða meðaltal lauss fjár annars vegar og um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana hins vegar, og er þá bankastjórn heimilt að ákveða viðurlög, ef þessum atriðum er ekki fullnægt, þ. á m. að krefjast viðurlaga af þeirri fjárhæð, sem vantar eða skyldu um laust fé eða reglum um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana er ekki fullnægt. Viðurlögin skulu í hverju tilviki samsvara 30 daga vanskilavöxtum (dráttarvöxtum) eins og þeir eru ákveðnir í hlutaðeigandi mánuði.

Innheimt viðurlög skulu renna að $\frac{1}{4}$ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár, í fyrsta sinn 1. júní 1989 fyrir árið 1988.

5. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands, nr. 470/1986 sem sett er skv. lögum nr. 36/1986, sbr. lög nr. 11 frá 30. mars 1989, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 31. mars 1989.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.